



13. mars 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-55/2023 í samráðsgátt stjórnvalda

*Áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum
(eftirlitsheimildir Skattsins og ráðstöfun séreignarsparnaðar)*

Hagsmunasamtök heimilanna gera aðeins athugasemdir við þann hluta ofangreinds máls sem snýr að ráðstöfun séreignarsparnaðar til öflunar húsnæðis eða niðurgreiðslu húsnæðislána.

Samtökin eru í grundvallaratriðum ósátt við að almenningur skuli í stórum stíl neyðast til þess að nota séreignarsparnað sinn til að standa straum af húsnæðiskostnaði. Húsnæðiskostnaður ætti mun frekar að vera nægilega viðráðanlegur til þess að fólk geti einnig lagt fyrir í sparnað til seinni ára.

Að þessu sögðu og með hliðsjón af því ástandi sem nú ríkir með verðbólgu og vexti í hæstu hæðum leggjast samtökin ekki gegn því að umrædd úrræði verði framlengd líkt og áformað er. Enda er ljóst að það getur mögulega hjálpað mörgum að komast í gegnum þetta ástand, sem verður vonandi ekki langvarandi svo að því loknu geti heimilin á ný lagt eitthvað fyrir í sparnað til lengri tíma. Auk þess er niðurgreiðsla á höfuðstól lána almennt til þess fallin að draga úr peningamagni í umferð.

Það hefur verið áhyggjuefni samtakanna að með því að greiða óaðfararhæfan séreignarsparnað inn á húsnæðislán verði ígildi hans í formi eignarmyndunar aðfararhæft. Samtökin leggja því til að við gerð frumvarps um þessi atriði verði sérstaklega hugað að því að finna lausn á því viðfangsefni að vernda þau lífeyrisdögöld sem fólk leggur í húsnæði sitt fyrir aðför á sama hátt og lífeyrissparnað.

Jafnframt vilja samtökin benda á að frá því að umræddum úrræðum var komið á fót hafa mörk þeirra fjárhæða sem er heimilt að ráðstafa samkvæmt þeim, ekki verið uppfærð til samræmis við þróun á húsnæðismarkaði. Húsnæðisverð hefur hækkað mikið síðan þá og þar með einnig lántökuþörfin til að fjármagna húsnæðis kaup, ekki síst hjá fyrstu kaupendum sem hafa að undanförunni verið að koma inn á húsnæðismarkaðinn. Þess vegna leggjast samtökin til að há mörk fjárhæða sem er heimilt að ráðstafa samkvæmt úrræðunum verði uppfærð til samræmis við þróun viðeigandi hagstærða, svo að nýting þeirra geti orðið hlutfallslega sambærileg því sem var lagt upp með í byrjun.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is